

árvöxtum af mismuninum (£ 10.024.92 ÷ kr. 337.169.00) frá 1. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað kr. 176.000.00.

Stefndi Sjávarvörur h/f á að vera sýkn í máli þessu, en málskostnaður fellur niður gagnvart honum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvember 1974.

Nr. 44/1973: **Vélsmiðjan Héðinn h/f**

(Haukur Jónsson hrl.)

gegn

Kjartani Erlendssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Iðnnámssamningur. Kaup iðnnema. Skólagjöld. Sjúkrasamlagsgjöld. Tryggingargjöld. Gerðardómur. Sératkvæði. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. mars 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess í aðalsök, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 41.014.86 auk 8% árvaxta frá 17. apríl 1970 til greiðsludags. Í gagnsök krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Enn krefst hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. apríl 1973. Í aðalsök krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið

væri eigi gjafsóknarmál. Í gagnsök krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir gerðardómi, héraðsdómi, fógætarétti og Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hafði gjafsókn í héraði, og með bréfi dómsmálaráðuneytis 4. október 1973 fékk hann gjafsókn fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um:

1. vangoldið iðnnemakaup, að fjárhæð kr. 48.901.14,
2. vangoldin iðgjöld almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjöld, skólagjöld og gjöld vegna námsbóka, samtals að fjárhæð kr. 27.150.00 samkvæmt stefnu.

Stafa kröfur þessar af iðnnámssamningi milli aðiljanna, sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Er samningurinn dagsettur 30. apríl 1966, en staðfestur af hálfu iðnfræðsluráðs og iðnfulltrúa hinn 17. ágúst 1966. Hlitir iðnnámssamningur þessi ákvæðum laga um iðnfræðslu nr. 46/1949, sbr. ákvæði 2. málsg. 23. gr. laga nr. 68/1966. Ágreiningur málsaðilja var lagður í gerð, sbr. 27. gr. laga nr. 46/1949. Er greint frá úrskurði gerðardóms í hinum áfrýjaða dómi. Úrskurðinum var skotið til héraðsdóms innan lögmæltis frests, sbr. lokamálsgr. 27. gr. laga nr. 46/1949.

Um 1. Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar í þessum þætti á ákvæði 23. gr. laga nr. 46/1949, en samkvæmt því telur hann, að sér beri full laun, meðan á vist í iðnskóla stendur. Er launakrafa hans af þessu efni miðuð við 9 vikur á ári hverju þau 4 ár, sem hann var í iðnnámi hjá aðaláfrýjanda. Fjárhæð launakröfunnar hefur eigi sætt andmælum.

Ákvæði 3. gr. iðnnámssamnings aðilja mælti svo fyrir, að lágmarkslaun gagnáfrýjanda skyldu vera svo sem hér segir: 1. árið 30%, 2. árið 40%, 3. árið 50% og 4. árið 60% af sveinakaupi. Leitt er í ljós, að gagnáfrýjandi naut verkamannalauna allan iðnnámstímann, að undanskildum 9 vikum á ári hverju, er hann stundaði nám í iðnskóla. Er óvefengt, að laun gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda námu í heild

sinni ár hvert hærri fjárhæð en laun þau, sem greinir í 3. gr. iðnnámssamnings, miðað við að gagnáfrýjandi nyti launa samkvæmt þeim samningi, án skerðingar vegna skólavistar. Hefur aðaláfrýjandi því fullnægt ákvæði 23. gr. laga nr. 46/1949. Ber samkvæmt því að sýkna aðaláfrýjanda af þessum lið í kröfugerð gagnáfrýjanda.

Um 2. Skýr ákvæði 17. og 23. gr. laga nr. 46/1949 standa til þess, að gagnáfrýjandi eigi rétt á hinum sérgreindu greiðslum úr hendi aðaláfrýjanda vegna tryggingariðgjalda hans, sjúkrasamlagsgjalda og skólagjalda, þar með talin útgjöld vegna skólabóka, á námstíma hans hjá aðaláfrýjanda. Eigi er tölulegur ágreiningur um þessa liði stefnufjárhæðarinnar, samtals kr. 27.150.00. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags.

II.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 41.014.86, sem hann telur vera mismun á þeim launum, sem gagnáfrýjandi fékk hjá honum samtals á námstímanum, og þeim launum, sem honum bar samkvæmt 3. gr. iðnnámssamnings. Fé þetta greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda fyrirvaralaust. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök.

III.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir kr. 27.150.00 ásamt vöxtum samkvæmt I hér að framan svo og kostnaði þeim og málskostnaði, er í fjárnámsgerðinni greinir.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir gerðardómi, héraðsdómi og Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00, þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Þorvaldur Þórarinnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00 í málflutningslaun.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Kjartan Erlendsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Vélsmiðjunnar Héðins h/f, í aðalsök.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 27.150.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir kr. 27.150.00 ásamt framangreindum vöxtum svo og kostnaði þeim og málskostnaði, er í fjárnámsgerðinni greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir gerðardómi, héraðsdómi og Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00, þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Þorvaldur Þórarinnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00 í málflutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. október 1972, hefur Kjartan Erlendsson vélvirki, Kleppsvegi 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. febrúar 1971, gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f, Reykjavík.

Mál þetta var úrskurðað af gerðardómi og skotið til bæjarþings Reykjavíkur samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu. Ályktunarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

„Gerðardómspoli, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði gerðardómsbeiðanda, Kjartani Erlendssyni, iðgjald almannatrygginga árin 1966 til 1969 kr. 16.300.00, sjúkrasamlagsgjald árin 1966 til 1969 kr. 7.020.00, skólagjöld árin 1966 til 1969 kr. 1.600.00 og námsbækur árin 1967 til 1970 kr. 2.230.00, samtals kr. 27.150.00 auk 7% ársvaxta af kr. 6.081.00 frá 1. júní

1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags. Gerðardómsþoli greiði gerðardómsbeiðanda kr. 7.300.00 í málskostnað.“

Aðalstefnandi gerir þær dómkröfur hér fyrir dómi, að hinum áfrýjaða úrskurði verði með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir gerðardóminum verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður, bæði fyrir gerðardóminum og héraðsdóminum eftir mati réttarins, allt í samræmi við gjaldskrá L. M. F. Í.

Af hálfu aðalstefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir taxta L. M. F. Í.

Aðalstefndi hefur gagnáfrýjað framanrituðum úrskurði gerðardóms og gert þær dómkröfur í gagnsök, að hinum áfrýjaða úrskurði verði með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir gerðardóminum verði teknar til greina og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir gerðardómi og bæjarþingi úr hendi áfrýjanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu gagnstefnda eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Gerðardómsúrskurðurinn, sem mál þetta er risið af, var birtur 26. janúar 1971, en bæjarþingsstefna í máli þessu 24. febrúar 1971.

Aðalstefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu með leyfisbréfi dómsmálaráðherra, útgefnu 31. október 1972.

Málavextir eru sem hér segir:

Með námssamningi, dags. 30. apríl 1966, hóf aðalstefnandi í máli þessu, Kjartan Erlendsson, nám í vélvirkjun hjá gagnstefnanda, Vélsmiðjunni Héðni h/f. Námstíminn var tiltekinn frá 18. apríl 1966 til 17. apríl 1970. Námssamningurinn var staðfestur 17. ágúst 1966 með stimpluninni: Iðnfræðsluráð og undirskriftinni: Óskar Hallgrímsson. Í 3. gr. nefnds samnings er svofellt ákvæði um kaup nemandans: „Lágmarkskaup nemandar er ákveðið: 1. ár 30%, 2. ár 40%, 3. ár 50%, 4. ár 60%. Þó sé kaupið aldrei lægra en samkvæmt lágmarksákvæðum Iðnfræðsluráðs, eins og þau eru hverju sinni. Þá greiðir meistari allan kostnað við

iðnskólanám nemanda svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld (sbr. 17. gr. og 23. gr. laga um iðnfræðslu). Sumarleyfi fær nemandi 18 virka daga árlega með óskertu kaupi.“ Þrátt fyrir þetta ákvæði var aðalstefnanda greitt verkamannakaup á náms-tímanum, en hins vegar fékk hann ekki greitt sérstaklega kaup á skólatíma, iðgjöld almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjöld og skóla- og námsbókagjöld.

Kröfur þær á hendur gagnstefnanda, sem aðalstefnandi krefst dóms fyrir í máli þessu, eru sundurliðaðar sem hér segir, sbr. dómsskj. nr. 3 í málinu:

1. Nemakaup:

Árið 1967, 9 vikur með orlofi	kr.	6.721.74
— 1968 — — — — —		8.955.00
— 1969 — — — — —		11.767.86
— 1970 — — — — —		21.455.64

Kr. 48.901.14

2. Iðgjald almannatrygginga:

Árið 1967	kr.	3.500.00
— 1968	—	3.500.00
— 1969	—	4.300.00
— 1970	—	5.000.00

Samtals kr. 16.300.00

3. Sjúkrasamlagsgjald:

Árið 1967	kr.	1.380.00
— 1968	—	1.380.00
— 1969	—	1.800.00
— 1970	—	2.460.00

Samtals kr. 7.020.00

4. Skólagjöld:

Árin 1967-1970 kr. 400.00 pr. ár	kr.	1.600.00
----------------------------------	-----	----------

5. Námsbækur:

Árið 1967	kr.	810.00
— 1968	—	740.00
— 1969	—	434.00
— 1970	—	255.00

Samtals kr. 2.239.00

Heildarfjárhæð samkvæmt framanritaðri sundurliðun nemur kr. 76.059.24, eða kr. 8.10 hærri en kröfufjárhæðin, og hefur mismunur þessi þegar verið skýrður sem samlagningarskekkja.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í gerðardómi svo sem hér fer á eftir:

„Gerðardómsbeiðandi skýrir dóminum svo frá, að honum hafi ekkert kaup verið greitt, meðan á bóklegu námi stóð. Kveðst hann hafa haft tal af skrifstofustúlku hjá Héðni h/f, Öllu Óskarsdóttur, er hann var að byrja námið, um, að hann óskaði eftir að hafa nemakaup á námstímanum, en ekki verkamannakaup, en yfirleitt hafi verið haft samband við þessa stúlku, þegar athugasemdir þurfti að gera um kaup, þar sem hún sá um útborganir. Þegar hann hafi síðan fengið fyrst útborgað, þá hafi honum verið ljóst, að hann hefði fengið verkamannakaup. Kveðst hann þá hafa haft samband við skrifstofustúlkuna um það, en hún skýrt honum frá því, að hér lærðu allir á verkamannakaupi. Ekki kveðst hann hafa orðað við Héðin h/f að fá greitt kaup á skólatímanum, fyrr en námi lauk. Kveðst hann hafa heyrt það hjá skólafélögum sínum, að þeir ættu að greiða sjálfir af kaupi sínu skólagjöld, tryggingargjöld og sjúkrasamlagsgjöld. Segir hann, að honum hafi orðið ljóst, hvernig hann átti að snúa sér í máli þessu, þegar dómur féll í máli gegn Vegagerð ríkisins, að hann gæti gert kröfu um kaup á skólatímanum, þar sem við hann hefði enginn baksamningur verið gerður eins og vegagerðarstarfsmanninn. Kveðst hann hafa vitað um lagaákvæðin í sambandi við tryggingargjöldin og sjúkrasamlagsgjöldin við gerð námssamningsins og hefði ekki verið samið um annað. Kveðst hann ekki hafa gert aðrar athugasemdir um sín kaupgjaldsmál á námstímanum en þær, sem greint er fyrr frá við skrifstofustúlkuna. Kveðst hann hafa litið á verkamannakaup sem yfirborgun. Segir hann, að ekki hafi verið samið um yfirborgun og hún hafi verið greidd vegna mannfæðar að því er honum skildist.

Gunnar Magnússon, skrifstofustjóri Héðins h/f, skýrir dómnum svo frá, að hann hafi ekki gert samning við iðnnemann um verkamannakaup, en væntanlega hafi það verið forstjórinn, en segir það viðtekna venju, að nemar læri á verkamannakaupi, og hafi enginn gert athugasemd við að greiða af því skóla-, tryggingar- og sjúkrasamlagsgjöld fyrr en þessi iðnnemi. Nemarnir hafi allir vitað, að þeir áttu að greiða þessi gjöld, þó að ekki hafi verið rætt við hvern einstakan um það, enda hafi allir greitt þau og þar á meðal þessi nemi. Ekki hafi iðnneminn farið fram á, að

Héðinn h/f greiddi þessi gjöld, fyrr en að námstíma loknum, að því er hann veit best. Segir hann, að iðnneminn hafi rætt við mann að nafni Friðjón B. Friðjónsson á þessu ári um, að Héðinn greiddi þessi gjöld, en hann sé fulltrúi á skrifstofu Héðins h/f. Kveður hann Héðin h/f líta svo á, að með því að greiða iðnnemum verkamannakaup, þá sé fyrirtækið búið að greiða nemum kaup á skólatíma skv. iðnsamningi, sjúkrasamlags-, tryggingar- og skólagjöld.

Gísli Viggó Guðlaugsson, yfirverkstjóri hjá Héðni h/f, skýrir dómnum svo frá, að alltaf hafi verið sótt fast á af nemum að fá að læra á verkamannakaupi til þess að fá hærri laun, en þeim nemum hafi verið gert ljóst, að þeim bæri þá að standa straum af námskostnaði og að þeir fengju ekki greitt kaup á skólatíma. Segir hann, að hann telji alveg víst, að hann hafi skýrt hér umræddum iðnnema frá þessu og engar kvartanir hafi honum borist fyrr en að loknum námstíma.

Sveinn Guðmundsson, forstjóri Héðins h/f, skýrir dómnum svo frá, að hann hafi undirritað námssamninginn f. h. Héðins h/f við nemann. Kveðst hann telja, að þó hann muni ekki sérstaklega eftir því, hafi hann sjálfur samið við iðnnemann munnlega um, að hann fengi verkamannakaup á námstímanum gegn því, að iðnneminn hefði ekki kaup á skólatímanum, greiddi sjálfur sjúkrasamlagsgjöld, almannatryggingarsjóðsgjöld og skólagjöld. Hefði hann sjálfur gert öllum nýjum nemum grein fyrir þessu. Kveðst hann ekki muna, hvort faðir iðnnemans var viðstaddur samningsgerðina. Neminn óskaði ekki eftir á námstímanum að fá nemakaup í stað verkamannakaups, en þá breytingu hefði hann fengið umyrðalaust, ef fram á það hefði verið farið.

Aðalstefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með námssamningi, dags. 30. apríl 1966, hafi hann hafið nám hjá gagnstefnanda í vélvirkjun. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 46 frá 25. maí 1949 um iðnfræðslu, sem þá hafi verið í gildi, eigi iðnnemi að halda fullu kaupi, meðan á skólavist standi. Þá eigi iðnfyrirtæki samkvæmt 17. gr. sömu laga að greiða fyrir nemanda iðgjöld samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar. Í 30. gr. reglugerðar um iðnfræðslu frá 22. apríl 1960 sé ákvæði um það, að meistari og iðnfyrirtæki skuli láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimti. Ekkert af ofangreindu hafi hann fengið greitt hjá gagnstefnanda, þótt um það séu skýr lagaákvæði, sem tekin séu upp í ofangreindan námssamning aðiljanna.

Gagnstefnandi styður hins vegar sýknukröfu sína í aðalsök þeim rökum, að svo hafi samist milli aðiljanna í upphafi náms-tímans, að aðalstefnanda skyldi greitt verkamannakaup, og sé munur á því og iðnnemakaupi á tímabilinu kr. 117.066.00. **Gegn** þessu skyldi aðalstefnandi sjálfur borga tryggingarsjóðsgjöld, sjúkrasamlagsgjöld, skólagjöld og námsbókagjöld sín á náms-tímabilinu. Hafi samningur þessi verið eins og allir aðrir samn-ingar, sem hann hafi gert við iðnnema sína síðustu 20 árin, og upphaflega hafi þeir verið tilkomnir fyrir óskir iðnnema. Enn fremur skyldi aðalstefnandi vera kauplaus, á meðan skólatíminn stæði yfir, þ. e. 9 vikur á ári.

Í gagnsök styður gagnstefnandi dómkröfur sínar þeim rökum, að þar sem aðalstefnandi virði nú að engu upphaflegan ráðningar-samning sinn, séu brostnar forsendur fyrir hinni hærri greiðslu, sem hann hafi fengið með því að fá verkamannakaup í stað iðn-nemakaups, en þessi mismunur sé kr. 41.014.86, þ. e. gagnstefnu-krafan. Auk þess hafi aðalstefnandi allan námstíma sinn tekið við kaupi sínu við hverja útborgun án nokkurra athugasemda. Hann hafi sjálfur greitt skólagjöld sín, bókagjöld, sjúkrasamlags-gjöld og tryggingariðgjöld og aldrei framvísað reikningi fyrir þessu né nokkru sinni orðað það, að gagnstefnandi endurgreiddi sér þessar fjárhæðir, fyrr en nú, er hann gangi frá samningi sín-um.

Aðalstefnandi styður sýknukröfu sína í gagnsök þeim rökum, að gagnstefnandi hafi greitt sér umfram skyldu hærra kaup en námssamningur hafi sagt til um. Endurkröfuréttur gagnstefn-anda sé ekki til staðar, þar sem hann hljóti að vera bundinn við þessa einhliða ákvörðun að greiða sér verkamannakaup allan námstímann.

Eins og máli þessu er háttað, þykir henta að afgreiða aðalsök og gagnsök í einu lagi.

Samkvæmt námssamningi, staðfestum af iðnfræðsluráði, sem liggur frammi í málinu, 3. gr., er ákveðið visst lágmarkskaup nemanda. Hins vegar eru engin ákvæði um það í námssamningn-um, hversu hátt kaup má vera, og verður því að líta svo á, að aðiljum sé heimilt að semja um það að vild. Þá eru og í 3. gr. námssamningsins skýlaus ákvæði um það, að meistari greiði allan kostnað við iðnskólanám nemanda svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld, og í 23. gr. laga nr. 46/1949 um iðnfræðslu, að nemanda beri kaup, á meðan skólavist í dagskóla stendur.

Það er viðurkennt af báðum aðiljum máls þessa, að aðalstefn-

anda var á áðurgreindum námstíma sínum greitt verkamanna-kaup, sem var allmiklu herra en lágmarkskaup það, sem ákveðið var í námssamningnum. Hins vegar hefur gagnstefnandi ekki gegn mótmælum aðalstefnanda sannað, að svo hafi verið um samið, að innifalið í þessu kaupum væri nemakaup aðalstefnanda, á meðan á bóklegu námi stóð, skólagjöld, sjúkrasamlags- og tryggingargjöld. Af þeirri ástæðu þykja og eigi efni til að taka til greina endurheimtukurður gagnstefnanda, og ber því að sýkna aðalstefnanda af þeim.

Verður því niðurstaða málsins í aðalsök og gagnsök sú, að taka ber til greina allar kröfur aðalstefnanda í máli þessu, þó þannig, að vextir ákveðast 7% ársvextir.

Ber því að dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda stefnukröfuna, kr. 76.051.14 með 7% ársvöxtum af kr. 12.803.64 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags.

Eins og áður greinir, er heildarstefnufjárhæðin kr. 8.10 lægri en sundurliðun kröfunnar samanlögð, og hefur verið tekið tillit til þessa við útreikning vaxta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir gerðardómi og héraðsdómi. Þar af hljóti skipaður talsmaður aðalstefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 25.000.00 í málssóknarlaun fyrir héraðsdómi, er greiðist úr ríkissjóði.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefnandi, Kjartan Erlendsson, á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Vélsmiðjunnar Héðins h/f, í máli þessu.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 76.051.14 með 7% ársvöxtum af kr. 12.803.64 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir gerðardómi og héraðsdómi. Þar af hljóti skipaður talsmaður aðalstefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 25.000.00 í málssóknarlaun fyrir héraðsdómi, er greiðist úr ríkissjóði.

Málskostnaður fellur niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður gerðardóms, 27. nóvember 1970, samkvæmt 27. gr laga nr. 46/1949.

Ár 1970, þriðjudaginn 10. nóvember, voru að loknum munnlegum málflutningi teknar til úrskurðar þær kröfur Kjartans Er-
lendssonar vélvirkjanema, Kleppsvegi 6, Reykjavík, að Vélsmiðj-
unni Héðni h/f verði gert að greiða honum kr. 76.051.14 ásamt
8% ársvöxtum af kr. 12.802.74 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968,
af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá
þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til
greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafé-
lags Íslands. Úrskurður var kveðinn upp 27. s. m.

Gerðardómsbeiðandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Nemakaup:

Árið 1967, 9 vikur með orlofi	kr. 6.721.74
— 1968 — — — — —	8.955.00
— 1969 — — — — —	11.767.86
— 1970 — — — — —	21.455.64

Samtals kr. 48.901.14

2. Iðgjald almannatrygginga:

Árið 1967	kr. 3.500.00
— 1968	— 3.500.00
— 1969	— 4.300.00
— 1970	— 5.000.00

Samtals kr. 16.300.00

3. Sjúkrasamlagsgjald:

Árið 1967	kr. 1.380.00
— 1968	— 1.380.00
— 1969	— 1.800.00
— 1970	— 2.460.00

Samtals kr. 7.020.00

4. Skólagjöld:

Árin 1967-1970, kr. 400.00 pr. ár	kr. 1.600.00
-----------------------------------	--------------

5. Námsbækur:

Árið 1967		kr.	810.00
— 1968		—	740.00
— 1969		—	434.00
— 1970		—	255.00

Samtals kr. 2.239.00

Heildarfjárhæð samkvæmt þessari sundurliðun er kr. 76.060.14 eða kr. 9.00 hærri en kröfufjárhæðin. Gerðardómsbeiðandi útskýrir þennan mismun sem samlagningarskekkju.

Gerðardómsþoli krefst sýknu af öllum kröfum gerðardómsbeiðanda. Einnig krefst hann þess, að gerðardómsbeiðandi verði dæmdur til að endurgreiða honum kr. 41.014.86 auk 8% ársvaxta frá 17. apríl 1970 til greiðsludags og málskostnað eftir texta Lögmannafélags Íslands. Byggir gerðardómsþoli endurgreiðslukröfu sína á því, að gerðardómsbeiðandi hafi fengið greitt verkamanna-kaup á námstímanum, samtals kr. 504.474.00, en borið að fá samkvæmt námssamningi kr. 463.459.14, og eru þar meðtalin auk samningslauna tryggingargjöld, sjúkrasamlagsgjöld, skólagjöld og bókakostnaður. Hafi gerðardómsbeiðandi því fengið ofgreiddan mismuninn, kr. 41.014.86.

Málavextir eru þeir, að með námssamningi, dags. 30. apríl 1966, hóf gerðardómsbeiðandi, Kjartan Erlendsson, nám í vélvirkjun hjá gerðardómsþola, Vélsmiðjunni Héðni h/f. Námstíminn var tiltekinn frá 18. apríl 1966 til 17. apríl 1970. Námssamningurinn var staðfestur 17. ágúst 1966 með stimpluninni: Iðnfræðsluráð og undirskriftinni: Óskar Hallgrímsson.

Í 3. gr. nefnds samnings er svofellt ákvæði um kaup nemandans:

„Lágmarkskaup nemanda er ákveðið: 1. ár 30%, 2. ár 40%, 3. ár 50%, 4. ár 60%. Þó sé kaupið aldrei lægra en samkvæmt lágmarksákvæðum Iðnfræðsluráðs, eins og þau eru hverju sinni. Þá greiðir meistari allan kostnað við iðnskólanám nemanda svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld (sbr. 17. og 23. gr. laga um iðnfræðslu). Sumarleyfi fær nemandi 18 virka daga árlega með óskertu kaupi“.

Þrátt fyrir þetta ákvæði var gerðardómsbeiðanda greitt vermannakaup á námstímanum, en hins vegar fékk hann ekki greitt sérstaklega kaup á skólatíma, iðgjöld almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjöld og skóla- og námsbókagjöld.

Gerðardómsbeiðandi skýrir dóminum svo frá, að honum hafi ekkert kaup verið greitt, meðan á bóklegu námi stóð. Kveðst hann hafa haft tal af skrifstofustúlku hjá Héðni h/f, Öllu Óskarsdóttur, er hann var að byrja námið, um, að hann óskaði eftir að hafa nemakaup á námstímanum, en ekki verkamannakaup, en yfirleitt hafi verið haft samband við þessa stúlku, þegar athugasemdir þurfti að gera um kaup, þar sem hún sá um útborganir. Þegar hann hafi síðan fengið fyrst útborgað, þá hafi honum verið ljóst, að hann hefði fengið verkamannakaup. Kveðst hann þá hafa haft samband við skrifstofustúlkuna um það, en hún skýrt honum frá því, að hér lærðu allir á verkamannakaupi. Ekki kveðst hann hafa orðað við Héðin h/f að fá greitt kaup á skólatímanum, fyrr en námi lauk. Kveðst hann hafa heyrt það hjá skólafélögum sínum, að þeir ættu að greiða sjálfir af kaupi sínu skólagjöld, tryggingargjöld og sjúkrasamlagsgjöld. Segir hann, að honum hafi orðið ljóst, hvernig hann átti að snúa sér í máli þessu, þegar dómur féll í máli gegn Vegagerð ríkisins, að hann gæti gert kröfu um kaup á skólatímanum, þar sem við hann hefði enginn bak-samningur verið gerður eins og vegagerðarstarfsmanninn. Kveðst hann hafa vitað um lagaákvæðin í sambandi við tryggingargjöldin og sjúkrasamlagsgjöldin við gerð námssamningsins og hefði ekki verið samið um annað. Kveðst hann ekki hafa gert aðrar athugasemdir um sín kaupgjaldsmál á námstímanum en þær, sem greint er fyrr frá við skrifstofustúlkuna. Kveðst hann hafa litið á verkamannakaup sem yfirborgun. Segir hann, að ekki hafi verið samið um yfirborgun og hún hafi verið greidd vegna mannfæðar, að því er honum skildist.

Gunnar Magnússon, skrifstofustjóri Héðins h/f, skýrir dóminum svo frá, að hann hafi ekki gert samning við iðnnemann um verkamannakaup, en væntanlega hafi það verið forstjórinn, en segir það viðtekna venju, að nemar læri á verkamannakaupi, og hafi enginn gert athugasemd við að greiða af því skóla-, tryggingar- og sjúkrasamlagsgjöld fyrr en þessi iðnnemi. Nemarnir hafi allir vitað, að þeir áttu að greiða þessi gjöld, þó að ekki hafi verið rætt við hvern einstakan um það, enda hafi allir greitt þau og þar á meðal þessi nemi. Ekki hafi iðnneminn farið fram á, að Héðinn h/f greiddi þessi gjöld, fyrr en að námstíma loknum, að því er hann veit best. Segir hann, að iðnneminn hafi rætt við mann að nafni Friðjón B. Friðjónsson á þessu ári um, að Héðinn h/f greiddi þessi gjöld, en hann sé fulltrúi á skrifstofu Héðins h/f. Kveður hann Héðin h/f líta svo á, að með því að greiða iðnnem-

um verkamannakaup þá sé fyrirtækið búið að greiða nemum kaup á skólatíma samkvæmt iðnsamningi, sjúkrasamlags-, tryggingar- og skólagjöld.

Gísli Viggó Guðlaugsson, yfirverkstjóri hjá Héðni h/f, skýrir dóminum svo frá, að alltaf hafi verið sótt fast á af nemum að fá að læra á verkamannakaupi til þess að fá hærri laun, en þeim nemum hafi verið gert ljóst, að þeim bæri þá að standa straum af námskostnaði og að þeir fengju ekki greitt kaup á skólatíma. Segir hann, að hann telji alveg víst, að hann hafi skýrt hér umræddum iðnnema frá þessu, og engar kvartanir hafi honum borist fyrr en að loknum námstíma.

Sveinn Guðmundsson, forstjóri Héðins h/f, skýrir dóminum svo frá, að hann hafi undirritað námssamninginn f. h. Héðins h/f við nemann. Kveðst hann telja, þó að hann muni ekki sérstaklega eftir því, að hann hafi sjálfur samið við iðnnemann munnlega um, að hann fengi verkamannakaup á námstímanum gegn því, að iðnneminn hefði ekki kaup á skólatímanum, greiddi sjálfur sjúkrasamlagsgjöld, almannatryggingarsjóðsgjöld og skólagjöld. Hefði hann sjálfur gert öllum nýjum nemum grein fyrir þessu. Kveðst hann ekki muna, hvort faðir iðnnemans var viðstaddur samningsgerðina. Neminn óskaði ekki eftir á námstímanum að fá nemakaup í stað verkamannakaups, en þá breytingu hefði hann fengið umyrðalaust, ef fram á það hefði verið farið.

Ekki verður talið, að viðræður þær, sem fram hafa farið milli aðiljanna og raktar hafa verið hér að framan, haggi skýru ákvæði 3. gr. námssamnings svo og 17. og 23. gr. laga nr. 46/1949, sbr. og 72. gr. laga um almannatryggingar, um, að meistari skuli greiða kostnað við iðnskólanám nemanda, sjúkrasamlags- og tryggingargjöld. Með sömu rökum er ekki hægt að fallast á þau sjónarmið gerðardómsþola að skoða hluta af verkamannalaunum gerðardómsbeiðanda sem greiðslu á þessum gjöldum. Verður því krafa gerðardómsbeiðanda tekin til greina, að því er þessi gjöld varðar.

Eins og fram er komið, voru gerðardómsbeiðanda umfram skyldu greidd hærri laun á námstímanum en 3. gr. námssamningsins gerði ráð fyrir sem lágmarkslaunum. Með því þykir gerðardómsbeiðandi hafa haldið lágmarkslaunum á skólatímanum samkvæmt 23. gr. laga nr. 46/1949. Verður því krafa um sérstakt kaup á skólatímanum ekki tekin til greina.

Telja verður, að gerðardómsþoli hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi að vera óbundinn af ákvörðun sinni um að greiða gerðar-

dómsbeiðanda verkamannakaup á námstímanum, og verður því endurheimtukrafa hans ekki tekin til greina.

Ekki er deilt um fjárhæðir í máli þessu, heldur réttmæti þeirra, og er því kröfugerð lögð til grundvallar dæmdum fjárhæðum. Vextir ákvarðast þó 7%, þannig: af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að gera gerðardómsþola að greiða gerðardómsbeiðanda kr. 7.300.00 í málskostnað.

Gerðardómsmenn, Kristinn Ólafsson, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af gerðardómsbeiðanda, og Þórður Gröndal verkfræðingur, tilnefndur af gerðardómsþola, hafa allir tekið þátt í meðferð máls þessa fyrir gerðardómnum, og standa tveir fyrstnefndu að þessari niðurstöðu meiri hluta dómenda. Þórður Gröndal skilar sér-
atkvæði.

Ályktunarorð:

Kristins Ólafssonar og Kristins Einarssonar:

Gerðardómsþoli, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði gerðardómsbeiðanda, Kjartani Erlendssyni, iðgjald almannatrygginga árin 1966 til 1969 kr. 16.300.00, sjúkrasamlagsgjald árin 1966 til 1969 kr. 7.020.00, skólagjöld árin 1966 til 1969 kr. 1.600.00 og námsbækur árin 1967 til 1970 kr. 2.230.00, samtals kr. 27.150.00 auk 7% ársvaxta af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags. Gerðardómsþoli greiði gerðardómsbeiðanda kr. 7.300.00 í málskostnað.

Sér atkvæði

Þórður Gröndals.

Lög um iðnfræðslu miða m. a. að því að vernda iðnnema gagnvart iðnmeistara, þannig að hann verði ekki hlunnfarinn í kaupum og kjörum á námstíma. Iðnfræðsluráð hefur kveðið svo á um, að lægsta kaup iðnnema skuli vera 30%, 40%, 50% og 60% af sveinakaupi fyrir nema á 1., 2., 3. og 4. námsári. Auk þess ber iðnmeistara að greiða sjúkrasamlags-, tryggingar-, bókakostnaðar- og skólagjöld fyrir iðnnemann.

Námssamningur Kjartans Erlendssonar við Héðin h/f er í samræmi við ofangreind lög. Hins vegar hefur Héðinn h/f greitt

Kjartani verulega hærri fjárhæð heldur en samningurinn segir til um, eða kr. 41.014.86 umfram, þegar sjúkrasamlags-, tryggingar-, skólagjöld og bókakostnaður hafa verið reiknuð með.

Ekki verður séð, að það skipti máli, hvor aðilinn fari með peninga á greiðslustað til þess að greiða ofantalin gjöld, en ljóst er, að þeir peningar hafa komið frá Héðni h/f. Þykir því augljóst, að Héðinn h/f hefur uppfyllt fjárhagslegar skyldur sínar gagnvart Kjartani Erlendssyni og að Kjartan hafi þegar borið meira úr bitum fjárhagslega en námssamningurinn segir til um.

Verður því að telja Héðin h/f sýknan af öllum kröfum Kjartans Erlendssonar.

Héðinn h/f gerir gagnkröfu um, að Kjartan Erlendsson endurgreiði Héðni h/f kr. 41.014.86 auk vaxta.

Þar sem Héðinn h/f hefur greitt þetta fé til Kjartans óbeðið og af frjálsum vilja, þótt það sé umfram þau kjör, sem um getur í námssamningi, þykir ekki rétt, að Kjartan endurgreiði þetta fé til Héðins h/f.

Ályktunarorð:

Héðinn h/f verði sýkn af öllum kröfum Kjartans Erlendssonar. Kjartan Erlendsson verði sýkn af gagnkröfu Héðins h/f. Málskostnaður falli niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 23. janúar 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 23. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Seljavegi 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið A 58/1973: Kjartan Erlendsson gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 243/1971.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 76.051.14 með 7% ársvöxtum af kr. 12.803.64 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar, kr. 340.00, kr. 40.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarpola mætir Gunnar Magnússon, sem starfar hér Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 2 við Seljaveg.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 25. nóvember 1974.

Nr. 86/1973: **Vinnuheimilið að Reykjarlundi**

(Ólafur Ragnarsson hrl.)

gegn

Rósu Ármannsdóttur

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1973. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvik slyss þessa eru um margt óljós. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms má á það fallast, að áfrýjandi verði að bera halla af skorti á ýmsum upplýsingum vegna slyss þessa, sem ætla má, að unnt hefði verið að afla þegar eftir slysið.

Við það verður að miða, að stefndu hafi verið kennd þau vinnubrögð að stöðva hnífinn með því að fella niður öryggis-